

STAÐA MÁLS

Málnr.: **2015-075-F-021**

Dags: **9. ágúst 2015**

Staður: **Barkárdalur**

Lýsing: **Brotlenti og brann**

Staða máls: **Ágúst 2016: Í rannsókn**
Febrúar 2017: Drög að lokaskýrslu hafa verið skrifuð
Nóvember 2017: Drög lögð fyrir nefndina

Flugmaður hugðist ferjufljúga flugvélinni til Minneapolis í Bandaríkjunum ásamt ferjuflugmanni, en til stóð að selja flugvélina. Fyrsti leggur ferjuflugsins var frá Akureyri til Keflavíkurflugvallar, en um þremur korterum eftir flugtak brotlenti flugvélin innarlega í Barkárdal á Tröllaskaga. Eldur kviknaði við brotlendinguna og flugvélin brann í kjölfarið. Flugmaður flugvélarinnar komst lífs af, en brenndist illa. Ferjuflugmaðurinn lést.



Flak flugvélarinnar var flutt í skýli RNSA til rannsóknar. Rannsóknarnefndir Bandaríkjanna og Kanada hafa aðstoðað við rannsóknina ásamt þeirra ráðgjöfum. Hreyfill flugvélarinnar ásamt loftskrúfu var sendur til Bandaríkjanna þar sem ítarleg skoðun fór fram í maí 2016, að viðstöddum stjórnanda rannsóknar frá RNSA ásamt trúnaðarfulltrúa frá NTSB og eftirlitsaðilum frá FAA í Bandaríkjunum.

Rannsóknin beinist að hreyfli, afkastagetu, hleðslu og veðri.